*Alþingi*
*Erindi nr* Þ 135/1-890/1889
*komudagur* 27. 3. 2008

s a f n a r á ð

the museum
council
of iceland

laufásvegi 12
101 reykjavík
sími: 515 9605
fax: 515 9601

www.safnarad.is
safnarad@safnarad.is

**Til Alþingis**

**Umsögn um þingsályktunartillögu um sjávarlíffræðisafn og rannsóknarsetur á Akureyri,**

**þskj. 117, 116. mál á 135. löggjafarþingi 2007-2008**

Safnaráð starfar skv. safnalögum nr. 106/2001 og er skv. lögunum samráðsvettvangur safna og úthlutar styrkjum úr Safnasjóði.
Á 69. Safnaráðsfundi þann 13. mars 2008 fjallaði ráðið um þingsályktunartillögu um sjávarlíffræðisafn og rannsóknarsetur á Akureyri (þskj. 117, 116. mál á Alþingi).

Gerðar eru athugasemdir við notkun orðanna „safn" og „höfuðsafn" og mælst til þess að heldur verði notað hugtakið „setur" í þessu samhengi. Þar er vísað til skilgreiningar safnalaga nr. 106/2001 um hlutverk höfuðsafna og safna almennt.

Það er mat Safnaráðs að öðru leyti að verðugt sé að stofna rannsóknarsetur um umrætt viðfangsefni á Akureyri.

Virðingarfyllst,
f.h. Safnaráðs,

Rakel Halldórsdóttir,
framkvæmdastjóri